

Ed. 283. Frumvarp til laga [251. mál]

um breytingu á lögum nr. 95/1975, um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 109. löggjafarþingi 1986.)

1. gr.

3. gr. laga nr. 95/1975 orðist svo:

1. Á árinu 1987 skulu skattstjórar leggja sjúkratryggingagjald á menn sem skattskyldir eru samkvæmt lögum nr. 75/1981.
2. Gjaldstofn sjúkratryggingagjalds skal vera hinn sami og gjaldstofn álagðra útsvara 1987.
3. Af fyrstu 528 000 kr. gjaldstofns sjúkratryggingagjalds greiðist ekkert gjald en af þeim hluta gjaldstofnsins, sem umfram er 528 000 kr., greiðast 2%.
4. Um álagningu og innheimtu þess gjalds skulu gilda sömu reglur og gilda um tekjuskatt og eignarskatt.
5. Við ákvörðun Tryggingastofnunar ríkisins um framlag ríkissjóðs til sjúkrasamlaga skal tekið tillit til þess gjalds, sem um ræðir í þessari grein, til hlutfallslegrar lækkunar á framlagi ríkissjóðs.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu skatta á árinu 1987 vegna tekna ársins 1986 hjá mönnum sem skattskyldir eru skv. 1. gr. laga nr. 75/1981 og vegna tekna ársins 1987 hjá mönnum sem skattskyldir eru skv. 1. tölul. 3. gr., sbr. 71. gr., sömu laga.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1987 er sem fyrr gert ráð fyrir að sjúkratryggingagjald verði innheimt á næsta ári með sama hætti og verið hefur. Því er þetta frumvarp lagt fram. Efnislega er frumvarp þetta samhljóða lögum nr. 106/1985 að öðru leyti en því að skattleysismörk laganna eru hækkuð um 31% (úr 403 000 kr. í 528 000 kr.) í samræmi við áætlaða tekjubreytingu á milli árunna 1985 og 1986. Gert er ráð fyrir að innheimta gjaldsins á næsta ári ásamt eftirstöðvum nemi 305 m.kr.